

Nd.

422. Frumvarp

til laga um ábyrgð fyrir að gefa saman hjón, er standa í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Nú gefur þjóðkirkjuprestur eða annar þar til löggiltur maður hjón saman, er annað hvort eða bæði standa í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, enda hafi eigi verið sýnd skilríki fyrir skuldleysi þeirra í því efni, og má þá dæma hann til að endurgreiða framfærslusveit þeirri, er hlut á að máli, alla skuldina.

2. gr.

Sá, er hjón gefur saman án þess, að hann hafi fengið skilríki fyrir því, að hvorugt þeirra standi í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, skal þar að auki, ef annað hvort þeirra eða bæði standa í slíkri skuld, sæta sektum til landssjóðs, fyrsta sinn, er brot er framið, 50—100 krónum, og ef brot er ítrekað 100—500 krónum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.